líf og list



Umsjón: Katrín Pálsdóttir

KJARVALSSTAÐIR:

NORRÆN LIST OG LEIKMYNDIR

Norræn list í Feneyjum 78 og Leikmyndin nefnast tvær sýningar sem opnaðar hafa verið á Kjarvalsstöðum. Sú fyrrnefnda er á göngum hússins, en sú síðarnefnda í vestursal Kjarvalsstaða.



Sigurður Guðmundsson og Olavi Lanu frá Finnlandi við verk hins síðarnefnda.



Birgir Engilberts og Steinþór Sigurðsson eru meðal þeirra 14 leikmyndateiknara, sem eiga verk á sýningunni.

Feneyjalistsýningin er stór alþjóðleg myndlistarsýning, sem haldin er annað hvert ár. Íslendingar hafa nokkrum sinnum tekið þátt í henni, t.d. Þorvaldur Skúlason, Svavar Guðnason og Sigurður Guðmundsson, sem sýndi þar 1978.

Í fyrra tóku öll Norðurlöndin sig saman og mynduðu eina deild. Slík samvinna hefur ekki verið reynd áður. Til sýningarinnar völdust Sigurður Guðmundsson, sem búsettur er í Amsterdam, Olavi Lanu frá Finnlandi, Lars Englund frá Svíþjóð, Frantz Wilderberg frá Noregi og Danirnir Stig Brögger, Hein Heinesen og Mogens Möller.

Eftir að sýningunni lauk í fyrra-haust í Feneyjum var ákveðið að setja norrænu deildina upp alls staðar á Norðurlöndum. Sýningin var fyrst sett upp í Noregi, þá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Ísland er síðasti áfangastaðurinn. Norræni menningarsjóðurinn kostar sýninguna hingað. Þeir Sigurður Guðmundsson og Olavi Lanu frá Finnlandi settu sýninguna upp á Kjarvalsstöðum.

Leikmyndin er sýning 14 leikmyndateiknara á leiktjöldum, búningum, leikmunum, teikningum og módelum. Þau sem eiga verk á sýningunni eru: Baltasar, Birgir Engilberts, Guðrún Svava Svavarsdóttir, Gunnar Bjarnason, Gylfi Gíslason, Lárus Ingólfsson, Magnús Pálsson, Magnús Tómasson, Messíana Tómasdóttir, Sigurjón Jóhannsson, Snorri Sveinn Friðriksson, Steinþór Sigurðsson, Valgerður Bergsdóttir og Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir.

Á meðan á sýningnni stendur eru ráðgerðar fimm sýningar á leiksýningu Þjóðleikhússins Flugleik. Sýningin er unnin í hópvinnu Erlings Gíslasonar, Þórunnar Sigurðardóttur og Brynju Benediktsdóttur, sem einnig er leikstjóri.

-KP



Tarnús sýnir olíumálverk í Safnahúsinu á Selfossi.

Tarnús sýnir á Selfossi

Tarnús, Grétar Magnús Guðmundsson, hefur opnað málverkasýningu í Safnahúsinu á Selfossi. Þar sýnir hann 31 olíumálverk og eru myndirnar málaðar á síðustu þrem árum.

Grétar Magnús lauk kennaraprófi frá Myndlistar- og handíðaskólanum árið 1971, og kennir nú í Öldutúnsskólanum í Hafnarfirði.

Þetta er sjötta einkasýning myndlistarmannsins, en hann hefur m.a. sýnt að Kjarvalsstöðum á Akureyri og í Grindavík.

Sýningin er opin til 7. október frá klukkan 16 til 22 daglega, en frá 14 til 22 um helgar.

-KP

Picasso, Munch og Miro

– verk þeirra á sýningu í Norræna húsinu

Verk heimsfrægra listamanna munu hanga á veggjum í Norræna húsinu í apríl n.k. Það er Lista- og menningarsjóður Kópavogs í samvinnu við Sonju Heine/Niels Onstad listasafnið í Osló sem standa fyrir sýningu á verkum meistara eins og t.d. Picasso, Mathisse, Miro, Munch, Klee, Gris, Bonnard, Villon, Ernst og Dubuffet.


Verk flestra þessara nútímameistara hafa ekki sést hér á landi fyrr, en hér um að ræða olíumyndir.

SÝNIR Í BÓKASAFNINU Á ÍSAFIRÐI


Hannes Lárusson hefur opnað myndlistarsýningu í bókasafninu á Ísafirði. Sýningin verður opin til 6. október.

Hannes stundaði nám við Myndlistar- og handíðaskólann og tveggja ára framhaldsnám í Vancover í Kanada.

Flest verkanna á sýningunni eru gerð á síðastliðnu ári. Hannes notar mestmegnis ljósmyndir við myndgerð sína, en sýnir einnig skulptúra og texta.



Hannes Lárusson notar mikið ljósmyndir í myndverk sín.



Guðmundur Björgvinsson við eitt verka sinna sem hann nefnir „Andvöku".

VESTMANNAEYJAR:

Myndlistarsýning í Akoges

Guðmundur Björgvinsson sýnir rúmlega þrjátíu pastelteikningar í Akoges húsinu í Vestmannaeyjum. Sýningin er opin til 7. október.

Myndirnar eru gerðar á síðustu tveim árum.

Guðmundur hefur haldið tvær einkasýningar í Reykjavík, síðast í Norræna húsinu í desember 1978. Þá hefur hann tekið þátt í nokkrum samsýningum.

Sýningin er opin daglega frá klukkan 14 til 22.